



225 Ábyrgðartrygging ökutækis í aksturskeppni

samkvæmt 8. gr. (grein) reglugerðar um akstursípróttir og aksturskeppni nr. (númer) 507/2007, samanber. 5. gr. reglugerðar nr. 594/2013.

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Þeir sem eru vátryggðir.

- 1.1 Vátryggðir eru vátryggingartaki, svo og hver sá sem með samþykki hans notar ökutækið eða ekur því. Með ökutæki í skilmálum þessum er átt við hvers konar ökutæki sem tekur þátt í aksturskeppni- eða æfingum á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum.
- 1.2 Vátryggingin gildir ekki fyrir nýjan eiganda ökutækisins og fellur niður við eigendaskipti. Vátryggingin gildir þó fyrir nýjan eiganda, ef vátryggingarburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum og nýi eigandinn hefur sjálfur ekki tekið vátryggingu.

2. Gildissvið vátryggingarinnar.

- 2.1 Vátryggingin tekur til þeirrar skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan sem notanda þess ökutækis sem getið er í vátryggingarskírteini í aksturskeppni á Íslandi sem haldin er samkvæmt reglugerð um akstursípróttir og aksturskeppni nr. 507/2007, sbr. (samanber) reglugerð nr. 594/2013, svo og á æfingum á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum.
- 2.2 Vátryggingin tekur ekki til skemmda á ökutækinu sjálfu, tjóns vátryggðs sjálfs eða tjóns sem farþegar í ökutækinu verða fyrir.
- 2.3 Vátryggingin greiðir ekki bætur vegna sekta eða annarra refsiviðurlaga.

3. Gildistími og lok vátryggingarinnar. Upphaf ábyrgðar félagsins.

- 3.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini og fellur sjálfkrafa niður að því loknu og endurnýjast ekki.
- 3.2 Ábyrgð félagsins hefst þann dag sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini sem upphafsdagur gildistímabils enda hafi iðgjald þá verið greitt eða samið um fullnaðargreiðslu þess.

4. Vátryggingartími.

- 4.1 Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu, sbr. gr. 3.1, ekki í ljós fyrir en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem verður áður en vátryggingartímabilið hefst enda þótt tjón komi ekki í ljós fyrir en þá.

5. Vátryggingarfjárhæð. Eigin áhætta.

- 5.1 Greiðsluskylda félagsins vegna hvers vátryggingarburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð þá sem tilgreind er í vátryggingarskírteininu.
- 5.2 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem getið er í vátryggingarskírteini.

6. Iðgjaldið og greiðsla þess.

- 6.1 Iðgjald fyrir vátryggingu þessa er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins.
- 6.2 Greiða skal iðgjaldið eða semja um fullnaðargreiðslu þess áður en vátryggingin gengur í gildi.

7. Ráðstafanir til að afstýra tjóni. Skyldur vátryggðs vegna tjóns.

- 7.1 Þegar vátryggingarburðurinn hefur orðið eða hættu er á því að hann muni bera að höndum ber vátryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur varðað lækkun eða missi bóta eftir lögum um vátryggingarsamninga.
- 7.2 Jafnskjótt og vátryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð og ætla má að vátryggingin nái til hennar ber honum að tilkynna félaginu það með sannanlegum hætti.
- 7.3 Ekki má vátryggður viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bótakröfu án samþykkis félagsins nema vátryggður hafi aðeins gert það sem honum var skylt lögum samkvæmt, er hann greiddi kröfuna eða viðurkennði réttmæti hennar.
- 7.4 Svo unnt sé að taka ákvörðun um bótaskyldu úr vátryggingunni og umfang hennar eða vegna endurkröfu skal vátryggður varðveita og veita félaginu aðgang að hljóð- og myndupptökum og hvers kyns rafrænum upplýsingum sem skráð eru í tölvubúnaði ökutækis eða aukabúnaði þess.
- 7.5 Vanræksla á skyldum vátryggðs skv. 1.-4. mgr. (málgrein) getur valdið skerðingu eða missi vátryggingarverndar eftir lögum um vátryggingarsamninga.



225 Ábyrgðartrygging ökutækis í aksturskeppni

samkvæmt 8. gr. (grein) reglugerðar um akstursþróttir og aksturskeppni nr. (númer) 507/2007, samanber. 5. gr. reglugerðar nr. 594/2013.

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

8. Tjónsuppgjör og réttur félagsins að greiða tjónþola bætur.

- 8.1 Er bótakrafa kemur fram á því sviði sem vátryggingin nær til á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir félagið, en þó ekki hærri en svarar til hlutfalls vátryggingarfjárhæðarinnar af höfuðstól skaðabótanna.
- 8.2 Félagið hefur rétt til að greiða bætur beint til þriðja manns (tjónþola). Komi fram skaðabótakrafa getur félagið, á hvaða stigi málsins sem er, fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða vátryggingarfjárhæðina og áfallna vexti og kostnað sem svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.
- 8.3 Hafi vátryggður greitt þriðja manni bætur vegna tjóns sem er bótaskyldt úr vátryggingu þessari á hann rétt á vöxtum af kröfu sinni samkvæmt 50. gr. laga um vátryggingarsamninga.

9. Svik og rangar upplýsingar.

- 9.1 Hafi vátryggingartaki við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 9.2 Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að bætur eru greiddar honum til hagsbóta, sem hann á ekki rétt til, fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.

10. Tjóni valdið af ásetningi.

- 10.1 Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið engar ábyrgð vegna tjónsins.

11. Lög um vátryggingasamninga. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 11.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 11.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 11.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.
- 11.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 29. júní 2022.